

Bláa Lónið hf.

Ársreikningur samstæðunnar
2022

Bláa Lónið hf.
Norðurljósavegi 9
241 Grindavík

kt. 490792-2369

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Óendurskoðuð fylgiskjöl	
Stjórnarháttaryfirlýsing	22
Ófjárhagslegar upplýsingar	28

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Tilgangur Bláa Lónsins hf. og dótturfélaga er kynning og markaðssetning á heilsu- og vellíðunarþjónustu (health & wellness) til erlendra ferðamanna og Íslendinga, auk nýtingar, skipulagningar og uppsetningar nauðsynlegrar aðstöðu til að sinna framangreindri starfsemi. Í öðru lagi er tilgangurinn þróun, framleiðsla og markaðssetning á hvers konar heilsuvörum úr hráefnum úr Bláa Lóninu, botnlögum þess og næsta umhverfi.

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2022 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Dótturfélög Bláa Lónsins eru fimm, BLUE LAGOON SKINCARE ehf., Blue Lagoon Journeys ehf., Eldvörp ehf., Íslenskar Heilsulindir ehf. og Vænting ehf.

Rekstur ársins 2022

Rekstrartekjur samstæðunnar námu EUR 111.571 þús. á árinu 2022 (EUR 48.097 þús. árið 2021). Gestum í Bláa Lónið fjölgaði um 116% á árinu 2022. EBITDA rekstrarársins var EUR 26.077 þús. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á árinu 2022 nam EUR 13.480 þús. (Tap EUR 4.804 þús. árið 2021) samkvæmt rekstrarreikningi. Meðalfjöldi ársverka hjá félaginu á árinu var 589. Í lok rekstrarárs störfuðu 725 starfsmenn í 583 stöðugildum hjá félaginu, 401 konur og 324 karlar.

Eignir í lok árs 2022 námu EUR 173.603 þús. (EUR 146.831 þús. árið 2021). Þar af voru fastafjármunir EUR 132.670 þús. í lok árs 2022 (EUR 114.649 þús. í lok árs 2021). Framkvæmdir og endurbætur vegna uppbyggingar innviða og athafnasvæða hélt áfram á árinu.

Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins í árslok EUR 74.260 þús. (EUR 54.541 þús. árið 2021) Eiginfjárlutfall var 43% af heildarfjármagni (2021: 37%).

Skuldir félagsins námu samtals EUR 99.342 þús. í árslok 2022 (EUR 92.291 þús. árið 2021). Skammtímaskuldir hækkuðu um EUR 10.139 þús. á árinu sem stafar af hækkun á viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Vísað er í skýringu 21 varðandi umfjöllun um áhættustýringu og helstu áhættur í starfsemi félagsins.

COVID-19 áhrif á rekstur ársins og framtíðarhorfur

Áhrif COVID-19 á rekstur Bláa Lónsins voru ennþá mikil á árinu 2022. Rekstri á starfsstöðvum félagsins voru mikil takmörk sett vegna lokana og fjöldatakmarkana frá upphafi árs og fram á vormánuði en eftir því sem leið á árið færðist reksturinn nær eðlilegu horfi. Þrátt fyrir það varð jákvæður viðsnúningur á rekstri félagsins frá árinu áður og er fjárhagsstaða félagsins sterk.

Það er mat stjórnenda félagsins að áhrifa COVID-19 muni ekki gæta á árinu 2023. Nýjustu upplýsingar um fjölda ferðamanna til landsins, fjölda gesta í lónið og bókanir inni árið 2023 benda sterklega til þess að rekstur félagsins verði með eðlilegum hætti á árinu 2023. Áætlanir félagsins gera því ráð fyrir áframhaldandi bata í rekstri félagsins á árinu 2023 sem koma meðal annars fram í auknum tekjum, bættri afkomu og að fjárhagsstaða félagsins verði áfram sterk. Þrátt fyrir það sem að framan segir er ekki hægt að útiloka að ný afbrigði af COVID-19 verði til og hafi einhver áhrif á rekstur félagsins.

Töluverðar jarðhræringar urðu í janúar 2021 í kringum fjallið Þorbjörn í nágrenni Bláa Lónsins og hófst eldgos við Fagradalsfjall þann 19. mars sem lauk í desember 2021. Aftur hófst eldgos 3. ágúst 2022 á svipuðum slóðum og lauk gosinu um sjö vikum síðar. Í hvorugu gosinu stafaði hætta að byggð vegna eldgosanna og ollu þau ekki röskun á starfsemi Bláa Lónsins. Ekki er hægt að útiloka frekari jarðhræringar eða eldgos en að mati vísindamanna er ekki talið að hætta stafi að byggð á Reykjanesi eða starfsemi Bláa Lónsins vegna þessa. Að öðru leyti eru aðrar helstu ógnanir sem steðja að íslenskri ferðaþjónustu, auk áhrifa af COVID-19, innlendar náttúruhamfarir, hryðjuverk, hernaðaráttök, verkfallsaðgerðir eða aðrir slíkir atburðir.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, frh.

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn Bláa Lónsins hefur sett sér starfsreglur og leitast þar við að fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu í febrúar 2022. Í stjórn Bláa Lónsins hf. eru tvær konur og þrjú karlar og í framkvæmdastjórn félagsins sitja auk forstjóra þrjú karlar og þrjár konur. Félagið birtir stjórnarháttaryfirlýsingu sem hluta af ársreikningi félagsins.

Hluthafar

Hlutfé félagsins er ISK 880,5 millj. og er bókfært virði þess EUR 5.259 þús. Fjöldi hluthafa í lok ársins er 53, en þeir voru 52 í upphafi árs. Eftirfarandi eru tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok:

Hvatning hf.	39,6%
Blávarmi slhf.	36,2%
Keila ehf.	11,1%
Stoðir hf.	7,3%
Bogmaðurinn ehf.	2,4%
M4 ehf.	1,1%
Anna G. Sverrisdóttir	0,5%
Framtíðarsjóðurinn hf.	0,4%
4646 ehf.	0,2%
Karl Björgvin Marteinson	0,1%

Stjórn félagsins mun ekki leggja til arðgreiðslu vegna ársins 2022.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Bláa Lónið hefur allt frá stofnun lagt áherslu á samfélagsábyrgð og hefur nálgun Bláa Lónsins í málaflokknum þróast í takt við þróun fyrirtækisins og samfélagsins. Stefna Bláa Lónsins í samfélagsábyrgð leggur áherslu á að náttúran er ekki óþrjótandi auðlind og félagið stuðlar að sjálfbærni á sem flestum sviðum, í samvinnu og sátt við samfélagið. Meginverkefni eru umhverfis- og gæðamál, sjálfbærni og ábyrg viðskipti, vinnuvernd og öryggismál. Í samræmi við ákvæði ársreikningalaga birtir félagið sérstakan kafla um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem er hluti af ársreikningi félagsins. Félagið hefur útbúið sérstaka samfélagskýrslu um þróun samfélagsábyrgðar hjá Bláa Lóninu og má nálgast hana á heimasíðu félagsins, www.bluelagoon.com.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins er í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Garðabær, 24. febrúar 2023

Í stjórn félagsins:

Úlfar Steindórsson

Ágústa Johnson

Ragnar Guðmundsson

Sigríður Margrét Oddsdóttir

Steinar Helgason

Forstjóri:

Grímur Sæmundsen

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Bláa Lónsins hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Bláa Lónsins hf. („samstæðan“) fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2022 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fólsum, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Garðabær, 24. febrúar 2023

KPMG ehf.

Ólafur Már Ólafsson

Díana Hilmarsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur	4	111.571.122	48.096.661
Rekstrargjöld			
Vörunotkun		12.791.442	6.395.270
Laun og launatengd gjöld	5	49.899.825	24.846.380
Annar rekstrarkostnaður	6	22.801.964	14.715.758
		<u>85.493.231</u>	<u>45.957.408</u>
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)		26.077.891	2.139.253
Afskriftir	8	(6.620.332)	(6.333.868)
Rekstrarhagnaður (tap)		19.457.559	(4.194.615)
Fjármunatekjur	7	480.156	429.585
Fjármagnsgjöld	7	(3.688.371)	(2.010.347)
Gangvirðisbreytingar verðbréfa		(333.167)	(560.010)
Hreinn fjármagnskostnaður		<u>(3.541.382)</u>	<u>(2.140.772)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	10	767.632	379.344
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		16.683.809	(5.956.043)
Tekjuskattur	16	(3.203.326)	1.151.560
Hagnaður (tap ársins)		<u>13.480.483</u>	<u>(4.804.483)</u>
Skipting hagnaðar (taps):			
Hluthafar móðurfélags		13.331.415	(4.475.521)
Hluthafar minnihluta		149.068	(328.962)
		<u>13.480.483</u>	<u>(4.804.483)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Óefnislegar eignir	3e	1.000.002	557.387
Rekstrarfjármunir	8	103.498.473	103.121.480
Framkvæmdakostnaður	9	15.584.968	3.312.980
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum	10	11.766.133	4.888.202
Langtímakrafa og kröfur á tengda aðila	11	820.915	1.038.233
Skatteign	16	0	1.730.580
	Fastafjármunir	<u>132.670.491</u>	<u>114.648.862</u>
Birgðir	12	5.064.820	3.903.819
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	13	3.992.873	2.815.249
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði	14	1.056.551	1.775.272
Handbært fé	3h	30.817.934	23.688.006
	Veltufjármunir	<u>40.932.178</u>	<u>32.182.346</u>
	Eignir samtals	<u>173.602.669</u>	<u>146.831.208</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.258.600	5.258.600
Bundið eigið fé		13.368.373	13.962.019
Óráðstafað eigið fé		43.965.546	30.504.425
Eigið fé hluthafa móðurfélags	15	62.592.519	49.725.044
Hlutdeild minnihluta		11.668.295	4.815.490
	Eigið fé	<u>74.260.814</u>	<u>54.540.534</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir	17	73.045.269	77.629.129
Tekjuskattsskuldbinding	16	1.495.935	0
	Langtímaskuldir	<u>74.541.204</u>	<u>77.629.129</u>
Skammtímalán	9	4.756.361	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	4.828.230	4.684.962
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	18	15.216.060	9.976.583
	Skammtímaskuldir	<u>24.800.651</u>	<u>14.661.545</u>
	Skuldir samtals	<u>99.341.855</u>	<u>92.290.674</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>173.602.669</u>	<u>146.831.208</u>

Eiginfjáryfirlit árið 2022

Árið 2021	Hlutfé	Bundið eigið fé*	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
Eigið fé 1.1.2021	5.258.600	12.864.661	35.302.772	3.747.319	57.173.352
Tap ársins			(4.475.521)	(328.962)	(4.804.483)
Hækkun minnihluta				1.164.410	1.164.410
Þýðingarmunur		774.532		232.723	1.007.255
Bundið eigið fé		322.826	(322.826)		0
Eigið fé 31.12.2021	5.258.600	13.962.019	30.504.425	4.815.490	54.540.534
Árið 2022					
Eigið fé 1.1.2022	5.258.600	13.962.019	30.504.425	4.815.490	54.540.534
Hagnaður ársins			13.331.415	149.068	13.480.483
Hækkun minnihluta				7.046.157	7.046.157
Þýðingarmunur		(463.940)		(342.420)	(806.360)
Bundið eigið fé		(129.706)	129.706		0
Eigið fé 31.12.2022	5.258.600	13.368.373	43.965.546	11.668.295	74.260.814

* Vísað er til skýringar nr. 15 er varðar skiptingu bundins eigin fjár.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

		2022	2021
	Skýr.		
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		13.480.483 (4.804.483)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	6.620.332	6.333.868
Óinnleyst afkoma af markaðsverðbréfum		718.721	505.957
Vextir og gengismunur	(371.079)	1.976.585
Áhrif hlutdeildarféлага	(767.632)	(379.344)
Breyting á tekjuskattskuldbindingu/eign		3.226.515 (981.071)
Veltufé frá rekstri		<u>22.907.340</u>	<u>2.651.512</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting	(1.161.001)	1.084.179
Skammtímakröfur, breyting	(1.524.609)	(1.205.184)
Skammtímaskuldir, breyting		7.291.126	5.237.190
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>4.605.516</u>	<u>5.116.185</u>
Innheimtar vaxtatekjur		346.985	112.139
Greidd vaxtagjöld	(2.051.649)	(216.759)
Handbært fé frá rekstri		<u>25.808.192</u>	<u>7.663.077</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8 (7.139.071)	(2.418.662)
Framkvæmdakostnaður	9 (12.271.988)	(2.909.143)
Breyting á verðbréfaeign		0	2.438.163
Kaup í hlutdeildarfélagum	(7.023.468)	0
Hækkun minnihluta		7.046.157	1.164.410
	(<u>19.388.370)</u>	<u>(1.725.232)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný skammtímalán	9	4.756.361	0
Afborganir langtímalána	17 (4.566.173)	(450.056)
Ný langtímalán	17	519.918	670.737
		<u>710.106</u>	<u>220.681</u>
Breyting á handbæru fé		7.129.928	6.158.526
Handbært fé í ársbyrjun		<u>23.688.006</u>	<u>17.529.480</u>
Handbært fé í árslok		<u>30.817.934</u>	<u>23.688.006</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Bláa Lónið hf. (félagið) er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Norðurljósaveg 9 í Grindavík. Samstæðureikningur félagsins hefur að geyma ársreikning móðurfélagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald árslutareikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsvirði.

b. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í evrum (EUR), sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðureikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðuársreikningi félagsins.

a. Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfiráð. Yfiráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðuársreikningnum frá því að yfiráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli félagsins á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrum. Gengi evru gagnvart íslenskri krónu samkvæmt Seðlabanka Íslands er sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Gengi í árslok (EUR gagnvart ISK)	151,50	147,60
Meðalgengi ársins (EUR gagnvart ISK)	142,33	150,19

Eignir og skuldir vegna starfsemi dótturfélaga og eignarhlutir í hlutdeildarfélögum með annan starfrækslugjaldmiðil en EUR eru umreiknaðar í EUR á gengi gjaldmiðilsins í árslok, en rekstrarárangur þeirra á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirlýsingu í evru er færður á sérstakan eiginfjárreikning. Ef starfsemi þessara félaga er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar

Fjármálagerningar, aðrir en afleiður, eru viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir. Fjármálagerningar eru færðar á gangverði við upphaflega skráningu í bókhaldi. Nánar er færsla þeirra sem hér segir:

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og eru þær metnar á reikningsskiladegi til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Fjárskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og lánardrottnaskuldir í erlendri mynt eru skráðar á gengi þeirri í lok árs.

Langtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði að frádregnum greiddum afborgunum. Eftirstöðvar nafnverðs er uppreiknað miðað við gildandi vísitölu og áfallna vexti í lok árs, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra.

Fjárskuldir eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt er talið að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni og hægt er að meta fjárhæðir með áreiðanlegum hætti.

Í skýringu 3 (k) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

d. Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félag þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélag eru í upphafi færð á kostnaðarverði en það innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarféлага færð í samstæðureikninginn sem og hlutdeild í annarri heildarafkomu þeirra þar til verulegum yfirráðum lýkur.

e. Óefnislegar eignir

Yfirverð myndast vegna fjárfestinga í dótturfélögum umfram nafnverð. Yfirverð er fært á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

f. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Lóðir eru ekki afskrifaðar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Baðstaður	33 ár
Aðrar fasteignir	33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	4-7 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á því að þær birgðir sem fyrst eru keyptar inn séu seldar fyrst (e. FIFO). Kostnaður sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstæði er hluti af kostnaðarverðinu. Framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

h. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóðir, óbundnar bankainnstæður og markaðsbréf til ráðstöfunar innan þriggja mánaða frá kaupdegi, sem bera ekki mikla áhættu vegna breytinga á gangvirði og eru notuð af félaginu til að mæta skuldbindingum til skamms tíma. Handbært fé sundurliðast þannig:

	2022	2021
Bankainnstæður	12.710.475	15.408.254
Skammtímaverðbréf	18.107.459	8.279.752
Handbært fé samtals	<u>30.817.934</u>	<u>23.688.006</u>

i. Virðisrýrnun

Á hverjum uppgjörstæði er kannað hvort til staðar séu vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning ef bókfært verð fjáreignarinnar er hærra en nýtingarvirði hennar.

j. Tekjur

Seldar vörur og veitt þjónusta

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

k. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur eru vaxtatekjur af fjáreignum.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántökum og öðrum fjármagnskostnaði.

Gengishagnaður og gengistap af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum er færður nettó sem sérstakur liður í hreinum fjármagnskostnaði.

Aðrir fjármagnsliðir samanstanda af markaðsbreytingu verðbréfa og móttæknum arði vegna eignarhluta.

l. Tekjuskattur

Tekjuskattskuldbinding / skatteign samstæðunnar er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi samstæðunnar hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt.

4. Rekstrartekjur

	2022	2021
Spa	51.276.377	18.417.030
Veitingasala	28.162.241	12.115.066
Hótel	19.886.017	10.090.464
Vörusala	11.425.741	5.899.398
Annað	820.746	1.574.703
Rekstrartekjur samtals	111.571.122	48.096.661

5. Starfsmannamál

Laun	36.000.340	20.027.506
Tryggingagjald	2.768.312	1.478.526
Lífeyrisðgjöld	4.829.323	2.699.055
Annar starfsmannakostnaður	6.301.850	2.114.823
Stuðningur stjórnvalda í uppsagnarfresti	0	(1.473.530)
Laun og launatengd gjöld samtals	49.899.825	24.846.380

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu miðað við heilsársstörf 589 396

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals EUR 1.462 þús. á árinu 2022 (2021: EUR 903 þús.)

6. Annar rekstrarkostnaður

	2022	2021
Rekstur fasteigna	4.867.613	3.456.627
Aðkeypt þjónusta	6.164.967	5.442.756
Markaðskostnaður	3.823.482	1.180.343
Upplýsingatækni	1.569.992	1.111.556
Annar rekstrarkostnaður	6.375.910	3.524.476
Samtals	22.801.964	14.715.758

Skýringar, frh.:

7. Fjármunatekjur	2022	2021
Vaxtatekjur af bankainnstæðum og kröfum	480.156	112.139
Gengishagnaður	0	317.446
	<u>480.156</u>	<u>429.585</u>

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld af langtímalánum	(2.430.296)	(1.828.841)
Önnur vaxtagjöld	(20.640)	(181.506)
Gengistap	(1.237.435)	0
	<u>(3.688.371)</u>	<u>(2.010.347)</u>

8. Rekstrarfjármunir

	Baðstaðir	Aðrar fasteignir og lóðir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð				
Heildarverð 1.1.2021	98.949.579	21.085.752	14.082.685	134.118.016
Endurflokkun		50.999	(286.278)	(235.279)
Þýðingarmunur ársins		546.932	27.171	574.103
Viðbót á árinu	17.523		2.401.139	2.418.662
Selt og niðurlagt á árinu			(6.598)	(6.598)
Heildarverð 31.12.2021	<u>98.967.102</u>	<u>21.683.683</u>	<u>16.218.119</u>	<u>136.868.904</u>
Heildarverð 1.1.2022	98.967.102	21.683.683	16.218.119	136.868.904
Þýðingarmunur ársins		(260.237)	(13.118)	(273.355)
Viðbót á árinu	1.151.989	20.778	5.966.304	7.139.071
Selt og niðurlagt á árinu		(220.378)	(100.388)	(320.766)
Heildarverð 31.12.2022	<u>100.119.091</u>	<u>21.223.846</u>	<u>22.070.917</u>	<u>143.413.854</u>
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2021	17.141.816	3.754.062	6.735.225	27.631.103
Endurflokkun		(2.089)	(221.524)	(223.613)
Þýðingarmunur ársins		43.025	12.134	55.159
Afskrifað á árinu	2.970.326	882.212	2.433.423	6.285.961
Selt og niðurlagt á árinu			(1.186)	(1.186)
Afskrifað 31.12.2021	<u>20.112.142</u>	<u>4.677.210</u>	<u>8.958.072</u>	<u>33.747.424</u>
Afskrifað 1.1.2022	20.112.142	4.677.210	8.958.072	33.747.424
Þýðingarmunur ársins		(50.037)	(11.547)	(61.584)
Afskrifað á árinu	2.989.438	665.073	2.880.548	6.535.059
Selt og niðurlagt á árinu		(220.378)	(85.140)	(305.518)
Afskrifað 31.12.2022	<u>23.101.580</u>	<u>5.071.868</u>	<u>11.741.933</u>	<u>39.915.381</u>
Bókfært verð				
31.12.2021	<u>78.854.960</u>	<u>17.006.473</u>	<u>7.260.047</u>	<u>103.121.480</u>
31.12.2022	<u>77.017.512</u>	<u>16.151.978</u>	<u>10.328.984</u>	<u>103.498.473</u>
Afskriftahlutföll	3%	0-3%	10-25%	

Skýringar, frh.:

8. Rekstrarfjármunir frh.:

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals EUR 72,5 millj. í árslok 2022 (2021: 66,7 millj.). Á sama tíma var váttryggingaverðmæti fasteigna samstæðunnar EUR 142,7 millj. (2021 EUR 126,1 millj.) Váttryggingaverðmæti annarra eigna en fasteigna nam EUR 18,7 millj. í árslok (2021: 17,9 millj.) Lausafé og byggingar félagsins eru brunatryggðar hjá váttryggingarfélagi Bláa Lónsins og því hvílir bótaskylda á Náttúruhamfaratryggingum Íslands ef til tjóns vegna náttúruhamfara kæmi.

Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi ársins greinast þannig:	2022	2021
Afskrift rekstrarfjármuna	6.535.062	6.285.961
Afskrift yfirverðs dótturfélaga	85.270	47.907
	<u>6.620.332</u>	<u>6.333.868</u>

9. Framkvæmdakostnaður

Félög í samstæðunni vinna að hönnun og uppbyggingu á ferðaþjónustu og afþreyingu á tveimur stöðum, í Kerlingarfjöllum og í Þjórsárdal. Á meðan framkvæmdum við einstaka eignir er ekki lokið, er áfallinn kostnaður flokkaður sem framkvæmdakostnaður. Þegar fyrir liggur hver kostnaður verður við einstaka eignir verður áfallinn framkvæmdakostnaður fluttur á viðeigandi eignir.

Skammtímalán vegna framkvæmdanna er vaxtaberandi og er til greiðslu 1. júlí 2023.

10. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	
	2022	2021
Eldvörp ehf., Grindavík	100%	100%
Hraunsetur ehf., Grindavík	100%	100%
Jarðvangur ehf., Grindavík	100%	100%
Íslenskar Heilsulindir ehf., Grindavík	60%	60%
Rauðukambar ehf, Grindavík	93%	79%
Kerlingarfjöll ehf., Grindavík	76%	72%
BLUE LAGOON SKINCARE ehf., Grindavík	100%	100%
Blue Lagoon USA, Bandaríkjunum	100%	100%
Blue Lagoon NL B.V., Hollandi	100%	100%
Blue Lagoon Skincare UK Limited, Bretlandi	100%	0%
Blue Lagoon Journeys ehf., Grindavík	100%	100%
destination blue lagoon ehf., Grindavík	100%	60%
þjónustumiðstöð Reykjanesvita ehf., Grindavík	80%	80%
Vænting ehf., Grindavík	100%	100%

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum og í öðrum félögum

Eignarhlutirnir í hlutdeildarfélagum eru í félögunum Gufa ehf. á Laugarvatni, Jarðböðin hf. við Mývatn, Norðurböð hf., Akureyri og Hreyfing ehf., Reykjavík. Eignarhlutirnir greinast þannig:

	Eignarhlutur	Áhrif hlut- deildarfélaga 2022	Áhrif hlut- deildarfélaga 2021	Bókfært verð 2022	Bókfært verð 2021
Gufa ehf.	44,7%	232.295	(143.470)	1.621.392	1.101.479
Norðurböð hf.	34,0%	74.991	0	6.022.705	0
Jarðböðin hf.	25,3%	483.859	408.383	3.289.310	2.909.646
Hreyfing ehf.	22,0%	(23.514)	114.431	600.571	639.115
		<u>767.631</u>	<u>379.344</u>	<u>11.533.978</u>	<u>4.650.240</u>
Aðrir eignarhlutar:					
Önnur félög, upphaflegt kostnaðarverð (þrjú félög)				<u>232.155</u>	<u>237.962</u>
Bókfært verð í hlutdeildarfélagum og í öðrum félögum samtals				<u>11.766.133</u>	<u>4.888.202</u>

Skýringar, frh.:

11. Langtímakrafa

Félagið á langtímakröfu sem ber fasta 8% ársvexti. Lánið er til greiðslu með einni afborgun eigi síðar en þann 1. janúar 2024.

12. Birgðir

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullunnum vörum sem keyptar hafa verið fullunnar til endursölu, ásamt veitinga- og rekstarvörulager.

Birgðir í árslok greinast þannig:

	2022	2021
Vörur til endursölu	2.826.573	2.415.356
Veitingalager	1.154.336	920.109
Rekstrarvörur	1.083.911	568.354
	<u>5.064.820</u>	<u>3.903.819</u>

13. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2022	2021
Viðskiptakröfur	2.870.315	1.991.609
Krafa á tengda aðila	65.872	208.571
Aðrar skammtímakröfur	1.056.686	615.069
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals	<u>3.992.873</u>	<u>2.815.249</u>

14. Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði

Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands	766.099	887.805
Hlutabréf skráð á NASDAQ First North	290.452	887.467
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði samtals	<u>1.056.551</u>	<u>1.775.272</u>

15. Eigið fé

Hlutafé

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutafé þess ISK 880,5 milljónir og er hver hlutur ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

Bundið eigið fé

Bundið eigið fé samanstendur af yfirverðsreikningi, lögbundnum varasjóði, bundnum hlutdeildarreikningi og þýðingarmun vegna dótturfélaga og hlutdeildarfélaga.

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundið eigið fé inniheldur hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum. Óheimilt er að nota bundinn hlutdeildarreikning til að greiða hluthöfum arð.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til við þýðingu reikningsskila dótturfélaga og hlutdeildarfélaga yfir í starfsrækslugjaldmiðil félagsins.

Skýringar, frh.:

15. Eigið fé, frh.

Bundnir eiginfjárreikningar greinast þannig:

	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar reikningur	Þýðingar- munur	Samtals
Bundið fé 1.1.2021	11.944.335	1.314.650	1.838.789	(2.233.115)	12.864.659
Þýðingarmunur ársins				774.532	774.532
Fært á bundið eigið fé			322.826		322.826
Bundið fé 31.12.2021	11.944.335	1.314.650	2.161.615	(1.458.583)	13.962.019
Bundið fé 1.1.2022	11.944.335	1.314.650	2.161.615	(1.458.583)	13.962.017
Þýðingarmunur ársins				(463.940)	(463.940)
Fært af bundnu eigin fé			(129.706)		(129.706)
Bundið fé 31.12.2022	11.944.335	1.314.650	2.031.909	(1.922.523)	13.368.373

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óráðstafaður hagnaður og ójafnað tap samstæðunnar frá stofnun móðurfélagsins, að frádregnum arðgreiðslum og millifærslum til og frá öðrum eiginfjárliðum.

16. Tekjuskattsskuldbinding (skatteign)

Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2022	2021
Breyting á skatteign	3.203.326	(1.151.560)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	3.203.326	(1.151.560)

Virkt skatthlutfall:

	2022	2021
Hagnaðu(tap) fyrir tekjuskatt	16.683.809	(5.956.043)
Tekjuskattur m.v. skatthlutfall	20,0%	7,1% (1.191.209)
Aðrar breytingar	0,8%	(133.436) 0,2% 39.649
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	19,2%	6,9% (1.151.560)

Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) greinist þannig:

	2022	2021
(Skatteign) í ársbyrjun	(1.730.580)	(749.509)
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	3.203.326	(1.151.560)
Tekjuskattur til greiðslu	0	172.242
Gengismunur	23.189	(1.753)
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) í árslok	1.495.935	(1.730.580)

Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) skiptist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	3.499.751	2.681.358
Birgðir	34.586	0
Viðskiptakröfur	(3.327)	(58.514)
Frestaður gengismunur	(118.503)	(140.884)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(2.189.955)	(4.656.587)
Niðurfærsla skatteignar	273.383	444.047
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) í árslok	1.495.935	(1.730.580)

Skýringar, frh.:

17. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ársins greinast þannig:	2022	2021
Skuldir í EUR, meðalvextir 3,2%	77.873.499	82.314.091
Samtals	<u>77.873.499</u>	<u>82.314.091</u>
Á gjalddaga 2022	0	4.673.357
Á gjalddaga 2023	4.828.230	4.913.661
Á gjalddaga 2024	70.539.287	70.755.135
Á gjalddaga 2025	87.719	92.924
Á gjalddaga 2026	576.168	1.879.014
Á gjalddaga 2027 og síðar	1.842.095	0
	<u>77.873.499</u>	<u>82.314.091</u>
Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:		
Langtímaskuldir	73.045.269	77.629.129
Næsta árs afborganir	4.828.230	4.684.962
	<u>77.873.499</u>	<u>82.314.091</u>

Til tryggingar skuldum félagsins er lánveitandi þess með veð í fasteignum dótturfélagsins Eldvarpa ehf. við Norðurljósavæg 5, 7, 9 og 11, sem og lóðum, réttindum og rekstri. Fasteignir Eldvarpa ehf. eru bókfærðar á EUR 84,8 millj. Þá er vörumerki félagsins einnig veðsett til tryggingar skuldinni.

18. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2022	2021
Fyrirframinnheimtar tekjur	3.987.716	1.693.376
Viðskiptaskuldir	4.650.319	4.659.563
Launatengd gjöld	3.852.011	2.974.557
Aðrar skammtímaskuldir	2.726.014	649.087
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>15.216.060</u>	<u>9.976.583</u>

19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar samstæðunnar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, forstjóri og félög í þeirra eigu.

Viðskiptastöður við tengda aðila greinast þannig í lok ársins:

	2022	2021
Langtímakröfur á tengda aðila	560.469	543.588
Skammtímakröfur á tengda aðila	65.872	208.571

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

Seldar vörur og þjónusta	123.045	76.768
Keyptar vörur og þjónusta	15.400	7.933

Skýringar, frh.:

20. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamninga um leigu á húsnæði undir skrifstofur, verslanir og lagera félagsins. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á viðeigandi vísitölum. Einn leigusamningur er tengdur veltu verslunar. Gildistími samninganna er allt að 9 árum.

Leigugreiðslur á árinu 2022 eru færðar á meðal annars rekstrarkostnaðar. Áætlaðar næsta árs leigugreiðslur nema EUR 1.322 þús. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins.

	2022
Leigugreiðslur 2023	1.321.810
Leigugreiðslur 2024	1.166.680
Leigugreiðslur 2025	1.055.981
Leigugreiðslur 2026	887.740
Leigugreiðslur 2027	804.536
Rekstrarleigugreiðslur samtals	<u>5.236.747</u>

21. Áhættustýring

Stjórnendur greina fjárhagslegar áhættur í rekstrinum m.a. með tilliti til eftirspurnar, stöðu markaða, gjaldmiðla, lausafjárstöðu og útlána.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtabreytingar hafa áhrif á rekstur samstæðunnar. Samstæðan lágmarkar gjaldmiðlaáhættu með eftirliti á gengisþróun og með samsetningu fjárskulda því tengdu. Vaxtaáhætta tengist sveiflum vegna breytinga á markaðsvöxtum sem hefur áhrif á framtíðarsjóðflæði. Gengisáhætta samstæðunnar myndast aðallega vegna sölu á vöru og þjónustu og kaupum á vöru og þjónustu í annarri mynt en starfrækslugjaldmiðli. Áhætta vegna breytinga á gengi gjaldmiðla og vaxta eru óverulegar í rekstrinum þar sem langtímalán félagsins eru í starfrækslugjaldmiðli þess og viðskiptaskuldir í annarri mynt hafa skamman greiðslufrest.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er áhættan sem felst í tapi sem samstæðan getur orðið fyrir ef það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Fylgst er með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda. Samstæðan tryggir sér lánalínur til að mæta lausafjársvæiflum.

Samningsbundnar greiðslur, þar með talið væntar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

	Bókfærð staða	Umsamdar greiðslur	Innan árs	Síðar
Vaxtaberandi skuldir.....	77.873.499	80.396.462	4.828.230	75.568.232
Viðskipta- og skammtímaskuldir.....	15.216.060	15.216.060	15.216.060	0
Leiguskuldbinding.....	0	5.236.747	1.321.810	3.914.937
	<u>93.089.559</u>	<u>100.849.269</u>	<u>21.366.100</u>	<u>79.483.169</u>

Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar sem leitt geti til taps á fjármálagerningum. Samstæðan yfirfer reglulega útlánareglur sínar til að endurspeglar aðstæður viðskiptavina en viðskipti eru að mestu með stuttum greiðslufresti, sem dregur úr áhættunni.

Skýringar, frh.:

21. Áhættustýring, frh.

Staða fjáreigna, annarra en við tengda aðila og markaðsverðbréfa, var eftirfarandi í árslok:

	2022	2021
Langtímakrafa.....	820.915	1.038.233
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaköfur.....	3.992.873	2.815.249
Handbært fé.....	30.817.934	23.688.006
	<u>35.631.722</u>	<u>27.541.488</u>

Aldursgreining viðskiptakrafna og skammtímakrafna á reikningsskiladegi var þannig:

Ógjaldfallnar kröfur.....	3.683.897	2.539.818
Gjaldfallnar kröfur.....	308.976	275.431
	<u>3.992.873</u>	<u>2.815.249</u>

Í árslok 2022 nam niðurfærsla krafna EUR 294 þús. samanborið við EUR 295 þús. í árslok 2021. Stjórnendur meta ekki tapsáhættu í öðrum kröfum.

22. Þóknun endurskoðanda

	2022	2021
Þóknun vegna endurskoðunar	87.395	89.514
Þóknun vegna annarrar þjónustu	67.048	24.704
Þóknun endurskoðanda samtals	<u>154.443</u>	<u>114.218</u>

23. Önnur mál

- Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsuáæða, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð- og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna samningsins voru EUR 582 þús. á árinu 2022 (2021: EUR 260 þús.).
- Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna “Blue Lagoon” og “Bláa Lónið” í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur myndmerki félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið “Blue Lagoon” í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.
- Félagið á einkaleyfi samþykkt í Evrópu og Bandaríkjunum á notkun blágrænþörunga í snyrtivörur og lyf (EP 2026759 B1, US 8,795,679). Einnig á félagið samsvarandi einkaleyfi í Evrópu á notkun kísils (silica) í snyrtivörur og lyf (EP 2026880 B1).

Stjórnarháttaryfirlýsing

Umgjörð um stjórnarhætti

Stjórn Bláa Lónsins hf. leggur ríka áherslu á að innleiða og viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnarhættir félagsins eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Löggin eru aðgengileg á vef Alþingis, www.althingi.is og samþykktir félagsins hvoru tveggja á vefsíðu félagsins www.bluelagoon.com/is og hjá fyrirtækjaskrá. Gildandi starfsreglur voru samþykktar af stjórn 1. nóvember 2019, en síðast uppfærðar 7. mars 2022. Starfsreglurnar eru settar skv. 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög og 18. gr. samþykktu félagsins. Þar er m.a. mælt fyrir um verkaskiptingu stjórnar, hlutverk stjórnarformanns, boðun stjórnarfunda, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og fundargerðir, um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, starfshætti stjórnar, samskipti stjórnar við hluthafa, undirnefndir stjórnar, árlegt árangursmat stjórnar og um trúnaðar- og þagnarskyldu stjórnarmanna. Starfsrealurnar eru aðaenilegar á vefsíðu félagsins www.bluelagoon.com/is.

Bláa Lónið hf. fylgir jafnframt Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu 2021, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar má finna á vefsíðunni www.leidbeiningar.is.

Gildandi starfskjarastefna Bláa Lónsins hf. var staðfest á aðalfundi félagsins þann 5. apríl 2022, en hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda samstæðunnar. Endurskoðuð starfskjarastefna verður lögð fyrir næsta aðalfund félagsins sem fyrirhugaður er 17. mars 2023.

Stjórnendur greina og meta fjárhagslegar áhættur í rekstri félagsins. Er þar meðal annars litið til eftirspurnar, stöðu markaða, gjaldmiðla, lausafjárstöðu og útlána.

Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtabreytingar hafa áhrif á rekstur félagsins. Félagið lágmarkar gjaldmiðlaáhættu með eftirliti á gengisþróun og með samsetningu fjárskulda því tengdu. Vaxtaáhætta tengist sveiflum vegna breytinga á markaðsvöxtum sem hefur áhrif á framtíðarsjóðflæði. Gengisáhætta félagsins myndast aðallega vegna sölu á vöru og þjónustu og kaupum á vöru og þjónustu í annarri mynt en starfrækslugjaldmiðli. Áhætta vegna breytinga á gengi gjaldmiðla og vaxta eru óverulega í rekstrinum þar sem langtímalán félagsins eru í starfrækslugjaldmiðli þess og viðskiptaskuldir í annarri mynt hafa skamman greiðslufrest.

Lausafjáraáhætta er áhættan sem felst í tapi sem félagið getur orðið fyrir ef það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Fylgst er með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda. Félagið tryggir sér lánalínur til að mæta lausafjárveiflum.

Útlánaáhætta félagsins felst í því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Félagið fylgist með útlánaáhættu sinni með stöðugu eftirliti á aldursgreiningu krafna auk þess sem sérstök skoðun er framkvæmd á nýjum viðskiptavinir áður en viðskipti hefjast. Viðskiptakröfur eru að mestu með stuttum greiðslufresti sem dregur úr áhættunni.

Í uppgjörferli félagsins er leitast við að hafa verkaskiptingu með þeim hætti að ávallt komi tveir aðilar að helstu afstemmingum og ákvörðunum sem þeim tengjast. Framkvæmdastjórar einstakra sviða og koma að ákvörðunum er lúta að þeirra ábyrgðarsviði. Með þessu fyrirkomulagi er haft eftirlit með öllum helstu verkþáttum er lúta að uppgjörum hjá félaginu.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess, sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafundi eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Hluthafafundir eru jafnframt vettvangur samskipta á milli hluthafa og stjórnar félagsins. Hlutabréf félagsins eru rafræn og skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð, sem jafnframt hýsir hlutaskrána. Hlutaskráin er aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins. Fundargerðir hluthafafunda eru aðgengilegar hluthöfum hjá félaginu til samræmis við ákvæði 90. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjulega eða mikilsháttar, bæði hvað varðar stefnu félagsins og fjárhagsmálefni þess. Stjórnin hefur eftirlit með daglegum rekstri félagsins og fylgist með því að virkt kerfi innra eftirlits sé ávallt til staðar. Stjórnin skilgreinir árlega mikilvægustu verkefni sína, markmið og stefnu félagsins og gerir starfsáætlun um störf sín. Stjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirætlum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarformaður félagsins hefur auknu hlutverki að gegna sem kveðið er á um í starfsreglum fyrir stjórn Bláa Lónsins hf. og miðað er við að hann sinni í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn Bláa Lónsins hf. skal samkvæmt samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Í stjórninni eru nú þrír karlar og tvær konur. Á síðasta aðalfundi félagsins var einn karl og ein kona kosin til setu í varastjórn. Félagið uppfyllir því skilyrði 63. gr. hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórn.

Aðalmenn í stjórn félagsins eru:

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður, fæddur 1956. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Virginia Commonwealth University, Richmond, Virginíu. Úlfar hefur átt sæti í stjórn eða varastjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 1999.

Úlfar starfar í dag sem forstjóri Toyota á Íslandi ehf. Áður starfaði hann sem stjórnandi í ýmsum fyrirtækjum, t.a.m. P. Samúelssyni ehf., Vinnslustöðinni hf., Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og SÍF á Spáni.

Úlfar hefur viðtæka reynslu af stjórnarstörfum og situr í dag m.a. í stjórnnum tengdum starfsemi Toyota á Íslandi ehf., ss. TK bíla ehf. Hann situr jafnframt í stjórn Fagkaupa ehf. Áður átti Úlfar m.a. sæti í stjórnnum Icelandair Group hf., Kraftvéla ehf., Íslandsbanka hf. og Primex ehf.

Úlfar á óbeint 0,47% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum einkahlutafélögin Keilu ehf. og Jú ehf. Hann hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Ágústa Johnson, meðstjórnandi

Ágústa er fædd árið 1963. Hún er með B.Sc.-gráðu í íþrótt- og tólmstundafræði frá University of Colorado Boulder, ásamt diplómagráðu í stjórnun og leiðtogaþæfni frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur átt sæti í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2017.

Ágústa starfar í dag sem framkvæmdastjóri Hreyfingar ehf. Hún hefur yfir 35 ára reynslu af atvinnurekstri og stjórnun fyrirtækja. Árið 1986 stofnaði hún heilsuræktina Eróbikk-Stúdíó, sem sameinaðist heilsuræktinni Mætti undir merkjum Hreyfingar ehf. árið 2008. Ágústa sat í stjórn Viðskiptaráðs Íslands á árunum 2018-2022.

Ágústa á óbeint tæp 2,4% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. í gegnum Bogmanninn ehf. Þá er Hreyfing ehf. tengd Bláa Lóninu hf. með þeim hætti að Ágústa telst háður stjórnarformaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Ragnar Guðmundsson, meðstjórnandi

Ragnar er fæddur árið 1982. Hann er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og hlaut árið 2009 málflytningarréttindi fyrir héraðsdómstólum. Ragnar útskrifaðist auk þess með MBA-gráðu frá IESE Business School árið 2016. Hann hefur átt sæti í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2019.

Ragnar starfaði á árunum 2008-2014 hjá ADVEL lögmonnum, í upphafi sem fulltrúi en síðar sem eigandi og faglegur framkvæmdastjóri. Árið 2016 gegndi Ragnar starfi forstöðumanns á skatta- og lögfræðisviði Deloitte. Þaðan fluttist hann til SKR lögfræðipjónustu þar sem hann var eigandi frá 2016-2019. Frá árinu 2019 hefur Ragnar starfað sem lögmaður og eigandi hjá ADVEL lögmonnum.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.,

Stjórn og stjórnarhættir, frh.,

Ragnar hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum og situr í dag í stjórnnum félaganna ADVEL ehf., 50skills ehf., Ninos ehf. og Stekkjarhvamms ehf., ásamt því að vera varamaður í stjórn fjölda annarra félaga.

Ragnar er ekki hluthafi í Bláa Lóninu hf. Þá hefur hann ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, meðstjórnandi

Sigríður er fædd árið 1976. Hún er með B.Sc.-gráðu í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Akureyri og hefur einnig sótt stjórnendanámskeið hjá IESE Business School og Harvard University. Hún hefur setið í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2020.

Í dag starfar Sigríður sem framkvæmdastjóri Lyfju hf. og situr hún jafnframt í stjórnnum dótturfélaga þess. Áður gegndi hún ýmsum stjórnunarstörfum hjá IMG (nú Gallup) frá árunum 1999-2005, hjá Símanum/Já sem framkvæmdastjóri frá 2005-2007 og hjá Skjá miðlum frá 2007-2010, einnig sem framkvæmdastjóri. Þá var Sigríður forstjóri Já hf. í níu ár frá 2010-2019, áður en hún tók við starfi framkvæmdastjóra Lyfju hf.

Sigríður er einn af eigendum Já hf. og situr í stjórn þess félags, skólanefnd Verzlunarskóla Íslands og er stjórnarformaður Vinnudeilusjóðs Samtaka atvinnulífsins. Sigríður hefur í gegnum tíðina gegnt ýmsum stjórnarstörfum hjá hagsmunasamtökum atvinnulífsins, m.a. hjá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, og Viðskiptaráði Íslands.

Sigríður er ekki hluthafi í Bláa Lóninu hf. Þá hefur hún ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Steinar Helgason, meðstjórnandi

Steinar er fæddur árið 1969. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er auk þess með próf í verðbréfavíðskiptum. Hann hefur átt sæti í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2017.

Í dag starfar Steinar sem sjóðstjóri í sérhæfðum fjárfestingum hjá Landsbréfum. Áður starfaði hann við reikningshald og endurskoðun, auk starfa tengdum fjármálum og fjárfestingum í yfir 20 ár.

Steinar hefur viðamikla reynslu af stjórnarstörfum og er í dag framkvæmdastjóri Horns II slhf., Horns III slhf. og Horns IV slhf. Þá er hann stjórnarformaður IF ehf., ásamt því að sitja í stjórnnum Hópbíla hf., Hvaleyrar hf., Hagvagna ehf., Keilu ehf., Hvatningar hf., Líflands ehf., Eldum rétt hf., STH ehf. og Nesbú egg ehf.

Steinar er ekki hluthafi í Bláa Lóninu hf. Hann gegnir stöðu framkvæmdastjóra hjá félaginu Landsbréf – Hvatning slhf. sem ræður óbeint yfir meira en 10% af heildarhlutafé í Bláa Lóninu hf., ásamt því að sitja í stjórnnum Hvatningar hf. og Keilu ehf., sem bæði eru stórir hluthafar. Hann telst því háður stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Anna G. Sverrisdóttir, varamaður

Anna er fædd árið 1950. Anna er rekstrarfræðingur að mennt og starfar í dag sem ráðgjafi. Hún hefur starfað sem fjármála- eða framkvæmdastjóri ýmissa fyrirtækja síðastliðin 40 ár, einkum í ferðaþjónustu. Anna hefur setið í allmörgum stjórnnum og nefndum m.a. í stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar, Útflutningsráði og Lífeyrissjóði Verzlunarmanna, í dag er hún varaformaður í stjórn Brims hf. og er í stjórn Hreyfingar ehf. Anna er eigandi ríflega 0,53% eignarhluta í Bláa Lóninu hf. Hún hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Hún hefur setið í stjórn Bláa Lónsins hf. frá árinu 2019.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.,

Stjórn og stjórnarhættir, frh.,

Júlíus Þorfinnsson, varamaður

Júlíus er fæddur árið 1965. Júlíus er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem rekstrarstjóri Stoða hf. Hann hefur gegnt fjölbreyttum stjórnunarstörfum í íslensku atvinnulífi síðstliðin 30 ár. Júlíus hefur einnig viðamikla reynslu af stjórnarsetu í skráðum fyrirtækjum og má þar nefna Tryggingamiðstöðina hf., Nordicom AS. Júlíus situr nú m.a. í stjórnnum Upphaf fasteignafélags og Landeldis hf. Júlíus á ekki beinan hlut í Bláa Lóninu hf., en vinnuveitandi hans, Stoðir hf., á 7,25% eignarhlut í Bláa Lóninu hf.

Stjórnarmenn hafa lagt fram upplýsingar um trúnaðarstörf fyrir aðra aðila, stjórnarsetu í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl, til að auðvelda mat á hæfi þeirra.

Stjórn félagsins fundar að jafnaði mánaðarlega. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 9 stjórnarfundir. Meirihluti stjórnar hefur mætt á alla stjórnarfundir.

Félagið hefur ekki sett sér formlega stefnu um fjölbreytileika í tengslum við skipan stjórnar, framkvæmdastjórnar eða æðstu stjórnenda, umfram það sem mælt er fyrir um í lögum og í samþykktum félagsins um sem jafnast hlutfall beggja kynja í stjórn þess. Félagið hefur hins vegar í framkvæmd um langt árabil lagt áherslu á að stjórn og stjórnendur þess séu jafnt af báðum kynjum, á breiðu aldursbili og hafi fjölbættan bakgrunn menntunar og reynslu, þekkingar og færni.

Undirnefndir stjórnar

Tvær undirnefndir stjórnar eru starfræktar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Þá fyrri skipa H. Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurkoðandi, Steinar Helgason, stjórnarmaður og Ragnar Guðmundsson, stjórnarmaður, auk þess sem Helgi Júlíusson, fjármálastjóri og Garðar G. Gíslason, lögmaður félagsins, sitja alla fundir nefndarinnar. Starfskjaranefnd skipa Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður og Sigríður Margrét Oddsdóttir, stjórnarmaður, en fundir starfskjaranefndar hafa einnig setið Grímur Sæmundsen forstjóri félagsins og Garðar G. Gíslason, lögmaður félagsins.

Samskipti stjórnar og hluthafa

Samkvæmt starfsreglum fyrir stjórn Bláa Lónsins hf. skulu allir hluthafar hafa sama aðgang að upplýsingum um málefni félagsins. Bein samskipti hluthafa við stjórn skulu fara í gegnum stjórnarformann, en upplýsa ber stjórn um allar tillögur, spurningar eða athugasemdir hluthafa utan hluthafafundar til stjórnar og hefur stjórnin yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.

Árangursmat stjórnar

Samkvæmt uppfærðum starfsreglum fyrir stjórn félagsins skal stjórn félagsins árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda stjórnar. Við matið skal meðal annars skoða hvort mikilvæg málefni félagsins séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórn. Niðurstöður árangursmats ber að nota til að bæta störf stjórnar. Þá skal stjórnin árlega leggja mat á störf forstjóra og rekstur félagsins í heild. Ekki var framkvæmt árangursmat stjórnar vegna starfsársins.

Framkvæmdastjórn

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og fylgir í því sambandi stefnu og fyrirmælum stjórnar. Forstjóri veitir stjórnarmönnum reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins svo þeir geti sinnt störfum sínum.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.,

Framkvæmdastjórn, frh.,

Grímur Sæmundsen, stofnandi Bláa Lónsins hf., hefur verið forstjóri félagsins frá upphafi. Grímur er fæddur 1955, læknir að mennt. Grímur á sæti í stjórnnum allmargra félaga innan samstæðu Bláa Lónsins hf. Grímur á beint (75%) og óbeint í gegnum Ördú ehf. (25%), alla (100%) eignarhluta í Kólfi ehf., sem á 60,25% eignarhluta í Hvatningu hf., sem á 39,60% eignarhluta í Bláa Lóninu hf. Þá á Hvatning hf. 52,10% eignarhluta í Keilu ehf., sem á 11,10% eignarhluta í Bláa Lóninu hf.

Ásamt Grími er æðsta stjórn daglegs rekstrar félagsins í höndum eftirtalinn einstaklinga, sem hvert og eitt ber ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra:

Ása Brynjólfssdóttir, fædd 1967, er lyfjafræðingur MS. er lyfjafræðingur MS. Ása gegnir stöðu framkvæmdastjóra rannsóknar- og þróunarsviðs hjá Bláa Lóninu hf., en hún hefur starfað hjá félaginu frá árinu 1993.

Helgi Júlíusson, fæddur 1970, er verkfræðingur með MBA gráðu. Helgi tók við stöðu framkvæmdastjóra fjármálasvið þann 1. febrúar 2022. Hann var áður framkvæmdastjóri framtakssjóðsins Icelandic Tourism Fund. Þar á undan var Helgi forstjóri Pennans og starfaði um árabíl við fyrirtækjaráðgjöf hjá Kaupþingi.

Helga Árnadóttir, fædd 1971, er viðskiptafræðingur og MS í fjármálum. Helga gegnir stöðu framkvæmdastjóra sölu- markaðs og vöruþróunarsviðs. Hún hóf störf hjá félaginu árið 2018. Helga gegndi áður stöðu framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar (2013-2018) og stöðu fjármálastjóra og síðar framkvæmdastjóra VR (2013-2018). Áratuginn þar á undan starfaði Helga hjá Icelandair í ýmsum stjórnunarstöðum m.a. sem sölu- og markaðsstjóri á íslenska sölusvæði félagsins.

Sigrún Halldórsdóttir, fædd 1980, er með Bs gráðu í rekstrarverkfræði og MS gráðu í mannauðsstjórnun. Sigrún gegnir stöðu framkvæmdastjóra mannauðssviðs og hefur starfað hjá félaginu frá 1. apríl 2016. Hún gegndi áður hlutverki ráðgjafa fyrir hin ýmsu félög á sviði rekstrar- og mannauðsmála (2010-2016) þar á undan starfaði hún hjá fyrirtækinu Miðbaugur ehf (2002-2010) þar sem hún sinnti hinum ýmsu störfum.

Sigurður Long, fæddur 1977, er viðskiptafræðingur og tölvunarfræðingur. Sigurður gegnir stöðu framkvæmdastjóra upplýsingatækni og stafrænnar þróunar og hefur starfað hjá félaginu frá 15. október 2019. Hann gegndi áður stöðum framkvæmdastjóra upplýsingatækni- og Olíuverzlunar Íslands hf. (2018-2019), forstöðumanns upplýsingatækni- og Olíuverzlunar Íslands hf. (2014-2018), forstöðumanns viðskiptalausna hjá Össur hf. (2010-2014) og ráðgjafa, hópstjóra og síðar fagstjóra hjá Maritech ehf., síðar Wise ehf. (2001-2010).

Sigurður Þorsteinsson, fæddur 1965, er með BA gráðu og Diplom í lðnhönnun (Industrial Design) frá Institute Europeo di Design, IED í Milanó árið 1992. Sigurður gegnir stöðu framkvæmdastjóra mörkun, hönnunar og nýsköpunar (CDBO) hjá félaginu. Hann hefur rekið eigið fyrirtæki á sviði hönnunar, branding og nýsköpunar, Design Group Italia I.D., S.r.l., í Milanó á Ítalíu sl. 28 ár. Á þeim vettvangi og samhliða því hefur Sigurður starfað fyrir Bláa Lónið hf. að hönnun, branding, markaðssetningu og upplifunarhönnun allt frá árinu 1997 og nánast einvörðungu sl. fjögur ár. Samhliða sölu á fyrrgreindu fyrirtæki sínu á Ítalíu hóf Sigurður störf sem framkvæmdastjóri hjá Bláa Lóninu hf. í fullu starfi frá og með 1. nóvember 2022.

Forstjóri og æðstu stjórnendur hafa lagt fram persónulegar upplýsingar, svo sem um trúnaðarstörf fyrir aðra aðila, stjórnarsetu í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl, til að auðvelda mat á hæfi þeirra. Forstjóri og æðstu stjórnendur teljast vera helstu viðskiptaáðilum og samkeppnisaðilum félagsins óháðir, en eiga flestir hluti í félaginu með óbeinum hætti. Hvorki forstjóri né aðrir æðstu stjórnendur eru með kaupréttarsamninga við félagið.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.,

Tilnefningarnefnd

Ekki er starfrækt sérstök tilnefningarnefnd í félaginu. Samsetning hlutafjäreignar í félaginu er með þeim hætti að lang stærstur hluti hlutafjár er í eigu tveggja hluthafa sem í raun fara með ákvörðunarvald um stjórnarskipan í félaginu.

Dómar og úrskurðir

Hvorki dómstólar né eftirlits- eða úrskurðaraðilar hafa á árinu fellt dóma eða úrskurði um að félagið hafi brotið gegn lögum eða reglum í starfsemi sinni né er kunnugt um slík brot.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Bláa Lónsins hf. eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins

Bláa Lónið hf. er umhugað um samfélagsábyrgð sína og leggur ríka áherslu á umhverfislega, félagslega og efnhagslega hagsæld samfélagsins. Fyrirtækið vinnur að stöðugum umbótum á ári hverju í þessum málaflokkum bæði innan og utan veggja fyrirtækisins.

Stjórnkerfi félagsins er vottað samkvæmt kröfum alþjóðlegu stjórnunarstaðlanna ISO 9001 (gæðastjórnun), ISO 14001 (umhverfisstjórnun) og ISO 45001 (heilsu- og öryggisstjórnun) af BSI á Íslandi (British Standards Institution). BSI vottar rekstur Bláa Lónsins einnig samkvæmt kröfum Vakans og nær til ferðaþjónustu með böð og heilsulindir, veitingarekstur og rekstur hótela. Retreat Hotel er vottað 5-stjörnu superior og Silica Hotel er vottað 4-stjörnu superior. Umhverfisstjórnunarkerfið ber einnig gullmerki Vakans. Blue Lagoon Skincare ehf. (BLS) hefur haldið ISO 9001 vottun síðan 2017 og árið 2020 voru hrávörur þeirra einnig vottaðar sem COSMOS APPROVED og 4 vörur fengu COSMOS NATURAL vottun. Rekstur BLS er einnig vottað samkvæmt ISO 22716, GMP (Good Manufacturing Practices).

Bláa Lónið hefur sett sér jafnréttisáætlun og skýra stefnu og verklag gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Fræðsla um viðbrögð við mútum og spillingu hefur einnig verið bætt inn í rafrænt fræðsluefni fyrirtækisins. Fyrirtækið lauk jafnlaunavottun á árinu í samræmi við ÍST85 og hefur verið vottað síðan 2018. Persónuverndarstefna og vefkökustefna er til staðar í rekstri til að tryggja rétta meðhöndlun persónurekjanlegra gagna og fræðsluefni til starfsmanna um slíka meðhöndlun gefið út.

Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins byggir á gildum þess: „We Care, We Respect, We Bring Joy, We Inspire og We Create Memories“. Gildin eru samofin menningu fyrirtækisins og rekstri þess þvert á deildir, ásamt því að falla fullkomlega að meginstoðum samfélagsábyrgðar: efnahags-, umhverfis- og samfélagsleg áhrif. Við stefnum áfram að því að vera góð fyrirmynd annarra í þessu ferðalagi í átt að aukinni sjálfbærni.

Umfram þessa greinagerð gefur Bláa Lónið út sjálfbærnisráðgjafarýrslu fyrir árið 2022. Í þeirri skýrslu verður farið í meiri greiningavinnu á nálgun félagsins að sjálfbærni og skýrslan gefin út í samræmi við kröfur GRI.

Umhverfi

Umhverfisstefna Bláa Lónsins

Sjálfbær tengsl manns og náttúru er hornsteinn hugmyndafræði Bláa Lónsins og það sækir innblástur í kjörorð Auðlindagarðsins: samfélag án sóunar. Út frá því hafa fjöldinn allur af umbótaverkefnum sprottið sem ýta undir samfélagslegan vöxt í sátt við náttúruna í eftirfarandi flokkum:

Sjálfbærni

Við sýnum náttúruauðlindum okkar virðingu með því að nýta þær með skilvirkum hætti og draga úr sóun jafnt í framleiðslu sem þjónustu. Með því að leita stöðugt nýrra leiða til að fullnýta náttúrulega auðlindastrauma jarðvarma bættum við upplifun viðskiptavinarins og móttum nýjar vörur. Með því að vernda og rannsaka hið náttúrulega vistkerfi Bláa Lónsins og viðhalda jafnvægi þess með vísindalegri nálgun stöndum við vörð um friðhelgi hins viðkvæma umhverfis okkar og hvetjum gesti okkar til að gera slíkt hið sama.

Kolefnisjöfnun

Með þekkingu aukum við skilning okkar á einstakri náttúru Bláa Lónsins og áhrif okkar á umhverfið. Við bjóðum viðskiptavinum okkar kolefnishlutlausa upplifun í Bláa Lóninu og allri okkar þjónustu. Við jöfnum út alla losun koltvísýrings og hlutleysum þannig áhrif okkar á loftslagsbreytingar og bjóðum gestum okkar upp á raunverulega sjálfbærar vörur, þjónustu og upplifun. Við leitum stöðugt nýrra leiða til að draga úr kolefnisspori okkar og auka sjálfbærni.

Plastlaus upplifun

Við drögum úr umhverfisáhrifum okkar með því að endurvinna og lágmarka sóun. Við stefnum á að bjóða viðskiptavinum okkar plastlausa upplifun, með útilokun á einnota plasti og notkun margnota eða umhverfisvænna umbúða og hráefna.

Við uppfyllum ávallt lagalegar kröfur og vinnum að stöðugum umbótum.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Losun gróðurhúsalofttegunda

Bláa Lónið vinnur stöðugt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sínum rekstri. Árið 2019 var gerður samningur við Kolvið varðandi plöntun trjáa til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækisins, þar með talin losun vegna raforku, varmaorku, eldsneytisnotkunar, kælimiðla, gasnotkunar, losunar vegna úrgangs, flugferða starfsfólks, rútuferða starfsfólks og flutning á vörum félagsins frá vöruhúsum erlendis heim að dyrum viðskiptavinar. Samdráttur var í losun árin 2020 og 2021 vegna rekstrarfyrirkomulags og lokana tengdum heimsfaraldrinum. Aukin losun gróðurhúsalofttegunda árið 2022 má fyrst og fremst rekja til fjölgun gesta en einnig varð töluverð aukning vegna losun frá kælimiðlum. Í umfangi 3 hækkaði einnig losunin vegna árshátíðar Bláa Lónsins í Brighton, þar sem fyrirtækið kolefnisjafnaði um 600 flugsæti og gistinætur. En þrátt fyrir aukið tekjustreymi og fjölgun gesta þá hefur losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1 og 2 ekki fylgt fyrra horfi og er um helmingi lægri á hvern gest og á hverja evru í samanburði við árið 2019.

	2022	2021	2020	2019
Umfang 1 - Eldsneytisnotkun	524	493	494	1085
Umfang 2 - Raforka og hiti	60	48	41	341
Umfang 3 - Annað	454	102	139	363
Losun umfang 1&2 á gest - kg CO ₂ eq/gest	0,72	1,4	2,3	1,6
Losun umfang 1&2 á veltu – gCO ₂ eq/€	5,2	11,3	16,3	11,4
Kolefnisjöfnun	1.038	643	783	1.790
Fjöldi plantaðra trjáa	10.380	6.430	7.830	17.900
tonn CO ₂ eq				

Raforkunotkun

Dregið var úr raforkunotkun árin 2020 og 2021 samanborið við fyrri ár eða um þriðjung miðað við árin þar á undan. Þessa lækkun má rekja til samdráttar í rekstri vegna COVID-19. Raforkunotkun á hvern gest hækkar á móti töluvert því byggingar og búnaður þarf ávallt að vera rekinn á lágmarks raforku þó enginn gestur sé í húsi. Betri útkoma á hvern gest 2021 samanborið við 2020 má helst rekja til bættrar aðlögunar reksturs að ástandinu. Hækkun árið 2022 er bein afleiðing af fjölgun gesta og var á pari við notkun á hvern gest árið 2019.

	2022	2021	2020	2019
Rafmagn	5.837.915	4.509.743	4.163.432	6.258.751
Rafmagn á gest	7,15	11,4	17,72	7,17
kWh				

Vatnsnotkun

Árin 2020 og 2021 varð samdráttur í notkun á köldu og heitu vatni og jarðsjó í rekstri Bláa Lónsins samhliða fækkun gesta. Lækkunin er þó hlutfallslega misjöfn eftir grunnþörfum bygginga og kerfa. Til að mynda eykst heitt vatn á hvern gest mest, þar sem kynda þurfti líka tómar byggingar. Vatnsnotkun jókst árið 2022 í samræmi við fjölgun gesta og hlutfallsleg notkun á hvern gest var sambærileg og árið 2019.

	2022	2021	2020	2019
Heitt vatn	292.679	274.679	280.492	367.143
Heitt vatn á gest	0,36	0,70	1,19	0,42
Kalt vatn	184.909	129.605	122.933	259.210
Kalt vatn á gest	0,23	0,33	0,52	0,30
Jarðsjór	2.517.195	1.844.411	2.194.837	3.020.081
Jarðsjór á gest	3,08	4,68	9,34	3,46
m ³				

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Auðlindir og úrgangsmál

Unnið er stöðugt í að bæta úrgangsmál fyrirtækisins í átt að hringrásarhagkerfi, með áherslu á að draga úr magni úrgangs og að fjölnýta eða auka endurvinnslu í rekstri. Heildarmagn úrgangs dróst saman á COVID tímabilinu eins og gefur að skilja í ljósi aðstæðna en hlutfall endurunnins úrgangs jókst á síðasta ári. Bætt var við úrgangsflokkum og flokkunarílátum á árinu og ánægjulegt var að sjá að endurvinnsla á plasti meira en tvöfaldaðist á milli ára og mikla aukningu í endurvinnsluhlutfalli, eða um 20% í samanburði við 2019. Heildarmagn úrgangs á hvern gest 2022 var um 9% lægra en árið 2019 og 57% heildarúrgangs var flokkað og endurunnið. Þótt prentun pappírs og kvittana sé í nokkuð jöfnu hlutfalli við fjölda gesta má sjá lækkun á því hlutfalli á milli árunna 2019 og 2022, en mikil framþróun hefur orðið undanfarin ár í stafrænum lausnum innan fyrirtækisins.

	2022	2021	2020	2019
Prentpappír (A4)	155.000	57.500	103.000	274.857
Prentpappír á hverja 1000 gesti	190	146	438	255
Kvittanir (rúllur)	1.998	720	1.070	5.905
Rúllur á hverja 1000 gesti	2,4	1,8	4,6	6,8
Heildarúrgangur (tonn)	553	256	222	647
Úrgangur – gr. á hvern gest	678	650	945	741
Endurvinnsluhlutfall	57%	35%	29%	37

Sjálfbærni í rekstri

Bláa Lónið starfar innan Reykjanes UNESCO Global Geopark og er hluti af Auðlindagarðinum sem varð til í kringum nýtingu jarðhitasvæða á Reykjanesi. Bláa Lónið nýtir jarðsjó, gufu, gas, raforku, heitt og kalt vatn frá HS Orku í Svartsengi og er einstakt dæmi um fjölnýtingu og fullnýtingu auðlindastrauma frá jarðvarmavirkjun. Þannig skapar fyrirtækið aukin verðmæti úr náttúruauðlindum í einstakar upplifanir og hágæða vörur.

Samfélag

Starfsfólk Bláa Lónsins er dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Bláa Lónið vinnur markvisst að því að tryggja jafnrétti meðal starfsmanna sinna og hefur markað sér jafnréttisáætlun með það að leiðarljósi að hver starfsmaður sé metin á eigin forsendum óháð kyni, kynþætti eða öðrum órókstuddum viðmiðum. Konur jafnt sem karlar hafa aðgang að lausum störfum hjá fyrirtækinu og hafa jafna möguleika á stjórnunarstörfum. Eins er lögð áhersla á að allir starfsmenn hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og starfsþróun.

Launajafnræði kynjanna

Bláa Lónið hefur staðist jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85 síðan árið 2018.

Það er fyrirtækinu afar mikilvægt að samræmi sé þvert á svið og deildir þegar kemur að launa- og kjaraákvörðunum og að konur og karlar fái sömu laun, kjör og réttindi fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.


Bláa Lónið fór í gegnum sína fimmtu úttekt á jafnlaunakerfinu í lok árs 2022 og stóðst úttektina án frávíka og athugasemda. Niðurstaða launagreiningarinnar var sú að kynbundinn launamunur hjá Bláa Lóninu er 0,6% körlum í vil. Skýringarhlutfallið var 96,2% sem gefur sterklega til kynna að þær breytur sem lagðar eru til grundvallar við launaákvæðanir skýra raunverulega launamyndun í fyrirtækinu.

	2022	2021	2020	2019
Launamunur kynjanna	0,6%	1,5%	1,70%	1,47%
Skýringarhlutfall	96,2%	96,5%	94,9%	94,2%

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Kynjaskipting

Bláa Lónið leggur áherslu á jafnræði og fjölbreytni í öllum starf flokkum fyrirtækisins.



Samfélagið

Bláa Lónið styður við samfélagið með því að styrkja mörg fjölbreytt verkefni sem snúa að bættri vellíðan, íþróttaiðkun, menningartengdum viðburðum og verndun náttúrunnar. Á árinu 2022 veitti Bláa Lónið 105.080.000 krónur í styrki til samfélagsins, þar með talið lækningameðferðir við sórasís, meðferðargestum og ríkinu að kostnaðarlausu. Fyrirtækið vinnur með fulltrúum samfélagsins og fyrirtækja á Reykjanesi á marvíslegum vettvangi í að auka sjálfbærni og efla hringrásarhagkerfið á svæðinu í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

Mannauður

Þjálfun og fræðsla starfsfólks er lykilþáttur í velgengni Bláa Lónsins. Skýr fræðsluáætlun gefur öllu starfsfólki jöfn tækifæri til að bæta hæfni sína og auka þekkingu í starfi. Rafrænt fræðslukerfi, Eloomi, eykur sveigjanleika og aðgengi starfsfólks að ítarlegri fræðsluefni og styður við stöðugar umbætur í fræðslumálum og starfsþróun. Bláa Lónið leggur ríka áherslu á heilsusamlegar og öruggar vinnuáðstæður sinna starfsmanna. Öryggisnefnd innan fyrirtækisins vinnur stöðugt að því að tryggja heilsu og öryggi alls starfsfólks. Því er fylgt eftir með atvikaskráningakerfi, viðhaldskerfi, öryggisvaktstöð og útkallskerfi í neyðartilfellum. Atvik sem koma upp eru rýnd reglulega og viðeigandi breytingar settar í ferli til að lágmarka áhættu og tryggja að sambærileg atvik endurtaki sig ekki. Allir ferlar og verklag er kortlagt og áhættumetið til að tryggja að starfsfólk þekki áhættunarn og nauðsynlegar stýringar í sínu starfi. Áhættuskráin er síðan nýtt til að kortleggja hæstu áhættur á athafnarsvæði Bláa Lónsins og meta hvaða aðgerðir þarf að fara í til að lágmarka heildaráhættumat rekstursins. Þannig næst með stöðugum umbótum að auka öryggi gesta og starfsfólks, bæta heilsu þeirra og vernda umhverfið frá ári til árs.